

Ed. **692. Nefndarálit** [2. mál]

um frv. til laga um kerfisbundna skráningu á upplýsingum; er varða einkamálefni.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á ellefu fundum og fengið umsagnir fjölmargra er málið varðar. Það er skoðun nefndarinnar, að frumvarpið sé óþarflega flókið og viðamikilið, enda þótt hér sé í fyrsta skipti verið að setja löggjöf um þessi mál hér á landi.

Niðurstaða nefndarinnar varð sú, eftir ítarlega umfjöllun málsins, að breyta frumvarpinu verulega í átt til einföldunar. Við það starf naut nefndin aðstoðar þeirra dr. Þorkels Helgasonar dósentis og Hjalta Zóphóníassonar deildarstjóra í dómsmálaráðuneytinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingartillögum sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 29. apríl 1981.

Eiður Guðnason,
form., frsm.

Ey. Kon. Jónsson,
fundaskr.

Stefán Jónsson.

Stefán Guðmundsson.

Jón Helgason.

Egill Jónsson.

Salome Þorkelsdóttir.